

Forseti Alþingis
Sturla Böðvarsson
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. ágúst 2008

Háttvirti forseti Alþingis

Nýverið vöktu fjölmiðlar athygli á því að við yfirlestur á þingræðu til birtingar í Alþingistíðindum á netinu hafi þingmaður breytt merkingu ummæla sem hann lét falla í ræðustól á Alþingi. Í kjölfarið kom í ljós að slík iðja er nokkuð algeng þrátt fyrir að hún sé skýrt brot á lögum og reglum sem lúta að birtingu þingskjala og –ræðna. Í 77. grein núgildandi laga um þingsköp segir:

Í Alþingistíðindunum má ekkert undan fella sem þar á að standa og fram hefur komið í þinginu og hljóðupptaka ber með sér. Engar efnisbreytingar má gera nema leiðréttta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sé óhjákvæmilega þörf eða í því felist sjálfsgöð leiðrétting.¹

Að það skuli tíðkast að þingmenn breyti efni og merkingu ummæla sinna eru slæmar fréttir fyrir sagnfræðinga og annað fræðafólks sem notar þingtíðindi sem heimildir. Það gefur auga leið að ummæli sem raunverulega féllu á þingi eru allt annars eðlis en ummæli sem þingmenn hefðu viljað hafa látið falla eftir talsverða umhugsun og sjálfsritskoðun. Þessi eðlismunur hefur grundvallaráhrif á þær ályktanir sem fræðimenn draga af þessum heimildum. Það jaðrar því við sögufölsun þegar þingmenn gera efnis- og merkingarlegar breytingar á orðum sínum í trássi við lög og reglur sem eiga einmitt að tryggja að slíkt eigi sér ekki stað.

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands fer því fram á að Alþingi tryggi að þingmenn og starfsfólk fari í einu og öllu eftir þeim lögum sem gilda um Alþingistíðindi og líti ekki undan þegar þingmenn geri efnisbreytingar umfram þær „auðsæju og sannarlegu villur“ sem kveðið er á í lögum um þingsköp.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Sagnfræðingafélags Íslands
Íris Ellenberger, formaður

Afrit sent forstöðumanni þingfundaskrifstofu Alþingis.

¹ Lög um þingsköp Alþingis nr. 55 31. maí 1991.